

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 373. fundur

Föstudaginn 25. ágúst 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

#### Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir.

#### Dagskrá stjórnarfundar:

1. Árshlutauppgjör janúar – júní 2023
2. Fjárhagsáætlun 2024
3. Ferli ábendinga
4. Menningarnótt
5. Greiðslukerfi – staðan
6. Uppfærðar reglur um fargjaldaálag
7. Önnur mál

#### Tekið fyrir:

##### 1. Árshlutauppgjör janúar – júní 2023

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri kynntu sex mánaða uppgjör Strætó. Tap af rekstrinum fyrstu 6 mánuðina er 142 m.kr., til samanburðar við 599 m.kr. tap fyrstu sex mánuðina 2022. Fargjaldatekju jukust um 39% milli ára og eru á áætlun.. Rekstrargjöld jukust um 11% milli ára sem skýrist að mestu af aukningu rekstrarkostnaðar vagna og aðkeyptum akstri.

Handbært fé var 502 m.kr. í lok tímabils, þar af eru 311 m.kr. ætlaðaðar í vagnakaup, von er á ný rafmagnsvögnum í september.

Stjórn samþykkir árshlutauppgjörið með undirritun sinni.

##### 2. Fjárhagsáætlun 2024

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir fjármálastjóri fóru yfir stöðuna við gerð fjárhagsáætlunar 2024. Farið var yfir drög að forsendum og fjárhagsáætlun. Allt stefnir í að enn vanti fé til að ná jafnvægi í rekstri og styrkja þarf eigið fé fyrirtækisins, sem er tæplega 150 m.kr. í mínus. Stjórn óskaði eftir þremur sviðsmyndum miðað við ákveðnar forsendur. Stjórn leggur mikla áherslu á að fjárhagsstaða Strætó verði leyst sem fyrst og að fjármagn til endurnýjun vagnaflorens verði tryggt.

##### 3. Ferli ábendinga

Framkvæmdastjóri fór yfir ferli ábendinga, hvernig unnið er með þær innanhúss, skráningar og úrlausnir. Fylgni er milli fjölda ábendinga og farþega fjölda. Umbótaferlið er í stöðugir skoðun og verið að skoða hvernig hægt er að svara ábendingum fyrr og markvissar.

#### 4. Menningarnótt

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmd menningarnætur af hálfu Strætó, fyrirkomulag aksturs yfir daginn, farþegafjölda og tæmingu miðborgar að lokinni dagskrá. Nýtt fyrirkomulag gekk ágætlega og verður fyrirkomulagið með sambærilegum hætti næstu ár.

#### 5. Greiðslukerfið - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu rafræns greiðslukerfis, Klappsins og það sem er fram undan í þróun kerfisins. Stöðugt er verið að þróa og bæta virkni og uppitíma kerfisins. Fram undan er innleiðing snertilausrar greiðslna, en beðið er eftir nýjum skönnum sem þarf til þess.

#### 6. Uppfærðar reglur um fargjaldaálag

Reglur um fargjaldaálag hafa nú verið uppfærðar og liggja fyrir drög frá Innviðaráðuneytinu. Framkvæmdastjóri kynnti reglurnar fyrir stjórn og voru þær samþykktar.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

**Fylgiskjöl: Árshlutauppgjör janúar – júní 2023. Ferli ábendinga. Menningarnótt. Greiðslukerfið staðan.**

\_\_\_\_\_  
Magnús Örn Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Alexandra Briem

\_\_\_\_\_  
Andri Steinn Hilmarsson

\_\_\_\_\_  
Kristín Thoroddsen

\_\_\_\_\_  
Lovísa Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Hrannar Bragi Eyjólfsson